



## SUS - Samband ungra sjálfstæðismanna 1957, 1968 – 1969, fyrri hluti

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Stjórn SUS – Skýrsla stjórnar og greinargerð 1957 – Bréf frá Sjálfstæðisflokknum 8. júní 1964 – Aukaping SUS 1968 – Þing SUS 1969 – Stefmir 1968 – Ávarp sjö ungra sjálfstæðismanna fyrir alþingiskosningar, líklega 1941

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-40, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Samband ungra Sjálfstæðismanna

Reykjavík

## Ávarp.

Þær kosningar, sem nú fara í hönd, munu verða örlagaríkari fyrir þjóð vora en nokkrar aðrar Alþingiskosningar, sem á undan hafa farið.

Í 10 ár hafa Framsóknarmenn og Socialistar farið með völd í landinu. Eftir þennan langa valdaferil flokkanna er nú svo komið, að á flestum sviðum þjóðlífsins **hallar undan fæti**. Vaxandi óvissa fólksins til sjávar og sveita um eigin lífsafkomu þjakar þjóðina.

Fjárhagsörðugleikar ríkisins fara sívaxandi, — skuldir hafa aukizt, en greiðslugetan minnkað.

Aðsteðjandi örðugleikum hefir ekki verið tekið með alvöru og festu. Sérhagsmunir stjórnarflokkanna hafa setið í fyrirrúmi fyrir heildarhagsmunum þjóðarinnar.

Þessir flokkar hafa fórnað ættjörðinni fyrir sjálfa sig, en ekki sjálfum sér fyrir ættjörðina.

Þegar svo er komið, að þjóðin er andlega og efnalega niður brotin sökum óstjórnar valdhafanna, má æskan ekki lengur sitja auðum höndum. Hennar er að erfa landið, en verði lengur haldið áfram í sama horfinu og undanfarið, mun æsku landsins bundinn þyngri baggi á herðar en hún fær undir risið.

Því ber æskunni að sameinast í öflugri baráttu gegn þeim flokkum, sem valdir eru að því ástandi, sem nú ríkir.

Sjálfstæðisflokkurinn er ekki sérhagsmunaflokkur öreiga eða fárra auðkýfinga, — heldur berst hann fyrir hagsmunum þjóðarinnar sem heildar og trúir því, að vinni stétt með stétt, muni farsæld og velmegun aukast í landinu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefir allra flokka bezt skilið hagsmuni og áhugamál æskunnar, og sýnir það og sannar nú í komandi kosningum með því að hafa fleiri ungum frambjóðendum á að skipa en nokkur hinna flokkanna.

Æskumenn og konur! Skipið ykkur í fylkingar ungra Sjálfstæðismanna og tryggið sigur Sjálfstæðisstefnunnar við Alþingiskosningarnar 20. júní og skapið með því

**traust þjóðfélag og heilbrigt þjóðlíf.**

## Frambjóðendur úr hópi ungra sjálfstæðismanna.




**Bjarni Benediktsson** prófessor er fæddur í Reykjavík 30. apríl 1908, og eru foreldrar hans Benedikt Sveinsson, fyrrv. alþingisforseti, og Guðrún Pétursdóttir, kona hans. Bjarni lauk stúdentsprófi árið 1926 og embættisprófi í lögfræði árið 1930 með hæstu einkunn, sem gefin hefir verið á því prófi, frá því háskólinn var stofnaður. Fór hann síðan utan til framhaldsnáms í lögfræði og dvaldist erlendis um 2 ára skeið. Hann varð prófessor í lögum árið 1932 og hefir gegnt því embætti síðan. Hann hefir tekið mikinn þátt í starfsemi Sjálfstæðisflokksins, kosinn í stjórn Heimdallar 1933, er nú í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna, hefir átt sæti í stjórn Varðarfélagssins síðan 1935, var kosinn í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1936 og á þar nú sæti. Hann var kosinn í bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1934, þar sem hann hefir átt sæti síðan og jafnframt verið fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarráði og nú varaforseti bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kaus hann 1935 í nefnd til að rannsaka atvinnuleysi unglinga og síðan í forstöðunefnd fyrir atvinnubótavinnu ungra manna. Hann er nú frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins á Ísafirði.




**Gunnar Thoroddsen** alþingismaður er fæddur 29. des. 1910, og eru foreldrar hans Sigurður Thoroddsen yfirkennari og kona hans, María Thoroddsen. Gunnar lauk stúdentsprófi 1929 og embættisprófi í lögum 1934 með mjög hárrí einkunn. Árið eftir fór hann utan og dvaldist erlendis á annað ár við framhaldsnám. Þegar heim kom, sótti hann um prófessors-embætti í lögum, er þá var laust, en var með ranglæti bægt frá embættinu af Haraldi Guðmundssyni þvert ofan tillögur háskólans. Gunnar hefir tekið mikinn þátt í stjórnámum, fyrst og fremst í starfsemi ungra sjálfstæðismanna, en síðan sem alþingismaður. Hann átti um skeið sæti í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna og hefir verið formaður Heimdallar síðan 1935. Við kosningar til Alþingis 1934 var Gunnar frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Mýrasýslu og hlaut þá kosningu sem landskjörinn þingmaður, aðeins 23 ára að aldri, og hefir hann átt sæti á Alþingi síðan og beitt sér fyrir ýmsum merktum framfaramálum. Hann er nú í kjöri af hálfu Sjálfstæðisflokksins í Vestur-Ísafjarðarsýslu.



**Jóhann Hafstein** stud. jur. er fæddur 19. sept. 1915, og eru foreldrar hans Júlíus Havsteen sýslumaður á Húsavík og kona hans, Þórunn Jónsdóttir. Hann varð stúdent árið 1934 og les nú lögfræði við háskólann. Hann hefir á ýmsan hátt beitt sér fyrir félagsmálum stúdenta, er formaður stúdentaráðs háskólans, og einnig var hann stofnandi og fyrsti formaður Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta. Jóhann á sæti í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna síðan 1936 og er ritari hennar. Hefir tekið verulegan þátt í stjórnmalastarfsemi ungra manna. Hann er nú frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Norður-Þingeyjarsýslu.




**Jóhann G. Möller** aðalbókari er fæddur 28. maí 1907, og voru foreldrar hans Jóhann G. Möller kaupmaður og kona hans, Þorbjörg Möller. Jóhann varð stúdent árið 1928 og hóf að lesa lögfræði, en varð að hætta námi sökum lasleika. Hann var einn af stofnöndum félagsins Heimdallar árið 1927 og hefir átt lengur sæti í stjórn þess félags en nokkur annar og þar á meðal þrívægis verið formaður þess. Einnig hefir hann lengi átt sæti í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna, þar á meðal 1 ár sem formaður þess, en er nú varaformaður. Þá átti hann og sæti í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1934—35. Við kosningarnar 1934 var hann fulltrúi Heimdallar á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hann er nú í kjöri á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sem fulltrúi ungra manna.



**Kristján Guðlaugsson** lögfræðingur er fæddur 9. sept. 1906, og voru foreldrar hans síra Guðlaugur Guðmundsson og kona hans, Margrét Jónasdóttir. Hann varð stúdent árið 1927 og lauk embættisprófi í lögum árið 1932 með 1. einkunn. Þegar á stúdentsárum sínum tók hann mikinn þátt í félagslífi stúdenta, var m. a. formaður Stúdentafélags Reykjavíkur 1 ár og ritstjóri Stúdentablaðsins, en síðan hefir hann starfað mjög að félagsmálum ungra sjálfstæðismanna. Hann var fyrsti ritstjóri blaðsins Heimdallar og ritstjóri Stefnis og hefir all lengi átt sæti í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna og er nú formaður þess. Síðan 1936 hefir hann einnig átt sæti í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. Við alþingiskosningarnar 1934 var hann frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Strandasýslu og jók þar fylgi hans verulega. Hann er nú frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Suður-Múlasýslu.



**Sveinn Benediktsson** er fæddur í Reykjavík 12. maí 1905, og eru foreldrar hans Benedikt Sveinsson, fyrrv. alþingisforseti, og Guðrún Pétursdóttir, kona hans. Sveinn lauk stúdentsprófi 1926 og heimspekisprófi árið eftir. Á námsárum sínum vann hann við sildarútgerðina á Siglufirði og gerðist þaukunnugur sildarútvegsmálum. Hann var umboðsmaður sunnlenskra útgerðarmanna á Siglufirði um margra ára skeið. Síðan í ársbyrjun 1929 hefir Sveinn starfað við útgerð b.v. Max Pemberton í Reykjavík. Í ársbyrjun 1930 var Sveinn skipaður í stjórn Sildarverksmiðju ríkisins og átti sæti í stjórninni lengst af þangað til í maímánuði 1936, er honum ásamt meðstjórnendum var vikið úr stjórninni með hinum alræmdu bráðabirgðalögum Haraldar Guðmundssonar, sem út voru gefin tveim dögum eftir þingslit. Sveinn var í kjöri af hálfu Sjálfstæðisflokksins í Norður-Þingeyjarsýslu 1934 og meira en tvöfaldaði atkvæðatölu flokksins þar. Hann er nú sem fulltrúi ungra manna á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Thor Thors alþingismaður er fæddur 26. nóv. 1903, og eru foreldrar hans Thor Jensen kaupmaður og kona hans, Margrét P. Jensen. Thor varð stúdent árið 1922 og lauk embættisprófi í lögum árið 1926 með mjög hárrí einkunn. Eftir að hann hafði dvalið erlendis um hríð, gerðist hann meðstjórnandi hlutafélagsins Kveldúlfs og hefir síðan tekið verulegan þátt í viðskiptalífínu, m. a. sem einn af stjórnöndum Sambands íslenskra fiskframleiðenda, eftir að það var stofnað. Thor hefir jafnan verið fremstur í flokki, þar sem hann hefir starfað í félagsskap. Hann var t. d. formaður Stúdentafélags Reykjavíkur árið 1930 og hafði því forystuna um móttökur erlendra stúdenta, er sóttu norræna stúdentamótið það ár á Íslandi. Hann var og formaður Heimdallar eitt ár og hefir jafnan starfað mikið í því félagi. Árið 1933 var hann kosinn á þing í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og endurkosinn 1934, í bæði skiptin með glæsilegum yfirburðum yfir keppinauta sína, en áður hafði hann verið í framboði fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Vestur-Ísafjarðarsýslu og um það bil tvöfaldað atkvæðamagn hans. Á þingi hefir hann beitt sér fyrir merkum málum og stendur þar nú í fremstu röð. Hann er nú frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

---

Sjálfstæðisflokkurinn hefir þannig 7 unga menn í kjöri við kosningar þær, sem í hönd fara, allt menn, sem hafa starfað meira eða minna í félagsskap ungra manna, hafa verið forustumenn í þeirra hópi og hafa fengið sína fyrstu stjórnmalareynslu í samstarfi við áhugasama æskumenn. Þeir hafa allir haft mikil áhrif í þá átt að marka stefnu ungra manna í Sjálfstæðisflokknum, og beina starfsemi flokksins í heild inn á nýjar brautir. Allir eru þeir áhugasamir, frjálslýndir umbótamenn með opin augu fyrir þörfum hinnar íslensku þjóðar og kröfum tímans. Það sýna bezt ýms frumvörp, sem þeir ungir Sjálfstæðismenn hafa borið fram, er setið hafa á undanförunum þingum, þeir Thor Thors og Gunnar Thoroddsen. Af þeim má m. a. nefna **frumvarp um opinberan ákæranda, um vinnu og kennslu ungra manna og ráðstafanir til þess að draga úr atvinnuleysi þeirra, um vinnulöggjöf, um vernd íslenska fánans o. fl. o. fl.** — Þá má minna á baráttu ungra Sjálfstæðismanna fyrir réttlátari kjördæmaskipun og því, að kosningarétturinn er nú miðaður við 21 árs aldur, og að þeginn sveitastyrkur veldur ekki lengur missi kosningaréttar.

Enginn íslenskur stjórnmalaflokkur hefir jafnmörgum og glæsilegum ungum mönnum á að skipa eins og Sjálfstæðisflokkurinn. Úr Sjálfstæðisflokknum er þeirrar forustu að vænta, sem íslenska þjóðin þarfnast á komandi árum. **Kjósið því fulltrúa æskunnar og framtíðarinnar!**

**Kjósið Sjálfstæðismenn á þing!**

---

G r e i n a r g e r ð

Á síðasta fundi skipulagsnefndar var þess óskað að stjórn S.U.S. gerði grein fyrir nauðsyn sambandsstjórnarinnar á því að hafa einhverja fasta starfskrafta næstu mánuðina.

Er rétt að vekja strax athygli á því, að vormánuðirnir og fyrri hluti sumars er mikill annatími hjá sambandsstjórninni. Eru einkum þessi verkefni framundan, sem öll þarf að framkvæma fyrir lok júnímánaðar.

1) Endurskipulagning trúnaðarmannakerfis S.U.S.

Undirbúningur að því starfi hófst fyrir nokkru og hefur komið í ljós, að mikil nauðsyn er á því að endurskoða skipan trúnaðarmannakerfisins, sem m.a. stafar af því að margir trúnaðarmenn hafa "færzt upp", þ.e. eru orðnir eldri en ráð er fyrir gert að þeir séu, sem starfa í samtökum ungra Sjálfstæðismanna. Þá er einnig að trúnaðarmenn hafa flutt á brott frá heimkynnum sínum í aðra landshluta og þarf að fá aðra í þeirra stað.

2) Ákveðið er að fulltrúaráðsfundur sambandsins verði haldinn í vor. Vegna undirbúnings hans og vegna endurskipulagningarinnar á trúnaðarmannakerfinu er þörf á allmiklum bréfaskriftum við stjórnir hinna einstöku félaga um land allt. Þá er gert ráð fyrir að fulltrúi sambandsstjórnarinnar heimsæki félögin úti á landi, eftir því sem unnt verður.

3) Vormót sambandsins er ráðgert að hefjist um mánaðarmót maí - júní nema tvö mót, sem ráðgerð eru í apríl, og er svo ráð fyrir gert að þau verði eigi færri en á síðasta ári, en þá voru þau sex, nefnilega á Helli, Selfossi, Njarðvíkum, Akranesi, Stykkishólmi og Sauðárkróki. Er að sjálfsögðu mikil vinna fólgin í því að undirbúa og koma mótum þessum í verk.

4) Fyrir nokkru ákvað sambandsstjórnin að taka upp nýjan þátt í starfsemi sinni, þ.e. að reyna að ná til þess unga utnabæjarfólks, sem hér í Reykjavík dvelst á veturna við nám eða önnur störf.

Það er vitað mál, að hér dvelst mikill fjöldi utanbæjarfólks vetrarlangt. Þetta fólk er úr öllum landshlutum, ef til vill úr því sem næst hverju byggðarlagi landsins. Það segir

síð því sjálf, að hér er á ferðinni þýðingarmikill þáttur í starfsemi flokksins, að ná sambandi við þetta unga fólk, sem flytzt á milli landshluta, vor og haust. Er tæpast hægt að hugsa sér ákjósanlegri "erindreka" út um byggðir landsins, en þetta unga fólk flokksins. Nauðsynlegt er að skapa velvilja og stuðning þessa fólks við flokksbaráttuna, með því að koma því í kynni við flokksmenn og félagslíf þeirra og jafnframt að stofna til kynna með þessu fólk á vegum og innan vébanda Sjálfstæðisflokksins.

Fyrsta sporið til að koma á fót varanlegri starfsemi, er miði að því að framkvæma þá hugmynd, sem að framan greindi, er kynningarkvöld það, sem haldið var í Valhöll á fimmtudagskvöldið s.l. Tókst það í alla staði vel og var einkum athyglisvert hve mörg ný andlit sáust þar, sem ekki hafa komið á samkomu okkar fyrr.

Það segir sig sjálf, að hér er á ferðinni starfsemi, sem ekki er hægt að leysa í einu vettvangi, eða með fáum aðgerðum. Allt er undir því komið að þessi starfsemi geti örðið föst í reipunum. Að þessu er nú eins og framan greindi, verið að vinna.

5) Þá er framundan að athuga málefni tímaritsins "Stefnis" í heild. Fyrir nokkru var farið í að athuga fjármál tímaritsins og var reikningur fyrir síðasta ár lagður fram á fundi sambandsstjórnarinnar s.l. mánudag.

Er ætlunin að gera nýjar tillögur um skipulag á útgáfu ritsins, með það fyrir augum að ritið komi flokknum að meira gagni en nú er.

6) Þá er fyrirhugað, vegna útgáfu málgagns sambandsstjórnarinnar, sem er æskulýðssíða Morgunblaðsins, að hafa nánara samband við hin einstöku félög úti á landi. Er ætlunin að birta fréttir, myndir og annað það, sem mörkvert gerist á vegum hinna ýmsu félaga. Þetta er mikið starf og mjög nauðsynlegt að koma þessu í gang strax.

7) Þá er ótalin ýms störf, sem tilheyra hinum venjulega rekstri sambandsins, svo sem ýmsar fyrirgreiðslur, upplýsingar og útgáfustarfsemi, önnur en Stefnis og Sambandssíðunnar. Verður ekki frekar rætt um þau hér.

Hér er vakin athygli á því, að umfangsmikilli starfsemi þarf bráðnauðsynlega að koma í verk næstu 2-3 mánuðina. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að ekki er með sangirni unnt að krefjast þess, að öll þessi störf og snúningar, sem samfara eru þeim, séu unnin af stjórnarmönnum einum. Er óhjákvæmileg nauðsyn að sambandsstjórnin geti haft 1 mann á launum eða 2 menn, sem vinni hálfan daginn hvor við erindrekestur sambandsins. Hallast sambandsstjórnin að því, að æskilegra sé að hafa 2 menn að hálfu hvorn. Þyrfti sú ráðstöfun að haldast 2-3 mánuði.

Reykjavík, 1. apríl 1957.



# SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR: SJÁLFSTÆÐISHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL

REYKJAVÍK. 8. júní 1964.

Ungir Sjálfstæðismenn hafa frá upphafi lagt af mörkum ómetanlegan skerf til eflingar flokki okkar, í senn með því að móta stefnu flokksins í ýmsum mikilvægum málum og með ötulstu starfi til að afla henni fylgis. Með þessu hefur miklu góðu verið áorkað fyrir íslensku þjóðina, sem ekki sízt þessa vegna býr nú við meira frjálsræði bæði inn á við og gegn öðrum þjóðum en fyrr. En frelsið þarf að styrkja svo að það verði ekki stundarfyrirbæri. Til þess þarf liðveizlu æskunnar, áhræði hennar, dug og hugsjónir. Auðvitað skapa engir aðrir ungum mönnum áhugaefni. Þau velja þeir sér sjálfir. Þó leyfi ég mér að benda á, hversu aukin þekking, tækni og vísindi eru nú á dögum nauðsynleg til velfarnaðar þjóðarheildar og einstaklinga og þá einkanlega æskulýðsins.

Þess vegna leita ég nú til samtaka ungra Sjálfstæðismanna, bæði Sambands ungra Sjálfstæðismanna og öflugasta félagsins, Heimdallar, með ósk um, að þessir aðilar skipi nefndir til rannsóknar á tilteknum, afmörkuðum viðfangsefnum með það fyrir augum, að álit þeirra megi verða til að móta stefnu flokksins í þeim. Ef á þetta verður fallið, færi vel á, að fyrsta viðfangsefnið yrði "Menntun íslenzkrar æsku". Takizt vel til, svo sem vonandi verður, mundu hinir ungu áhugamenn flokksins enn auka áhrif æskunnar innan hans, efla flokkinn og skapa skilyrði vaxandi velmegunar allrar þjóðarinnar, sem upprennandi kynslóð nyti góðs af.

Til:  
Sambands ungra Sjálfstæðismanna,  
R.



ÁLYKTUN UM EFNAHAGSMÁL EINS OG HÖN VAR SAMÞYKKT Á 14. ÞINGI

S.U.S. 1957.

-----

14. þing S. U. S. telur, að opinber rekstur og afskipti hins opinbera af málefnum einstaklinganna hafi vaxið allt of mikið undanfarin ár. Bendir þingið á, að með því að sölsa meginhluta fjármagns þjóðarinnar frá einstaklingunum, taka stjórnámálamenn sér vald, sem þeim ekki er ætlað í lýðræðis-þjóðfélagi. Krefst þingið þess, að þjóðfélagsþegnum verði aftur skilað því valdi yfir eigin aflafé, sem þeim ber. Jafnframt taka einstaklingarnir á sig í ríkafi mæli þá ábyrgð, sem samfara er frelsinu til að ráða sjálfir athöfnum sínum.

Enn fyllri ástæða er til að hefjast nú þegar handa um að koma efnahagslífinu á heilbrigðan grundvöll, er hlíti lögmálum frjálsrar verðmyndunar, þar sem allt bendir nú til, að í náinni framtíð verði stofnað fríverzlunarsvæði Evrópu. Telur þingið einsýnt, að Íslendingar einir Vestur-Evrópuþjóða geti ekki staðið utan við þau víðtæku samtök. Verður einnig að telja, að aukin verkaskipting þjóðanna og hinn stóri sameiginlegi markaður muni mjög bæta lífskjör allra aðildarþjóða. Telur þingið því, að Íslendingum beri að taka þátt í stofnun fríverzlunarsvæðisins, enda verði hagsmuna landsins gætt í hvívetna.

Bendir þingið á, að eftirfarandi ráðstafanir þurfi að gera til að ofangreindu markmiði verði náð og heilbriggt efnahagslíf fái að ríkja til varanlegrar hagsældar:

1. Hlutafélaga- og skattalöggjöfinni verði breytt þannig, að hagkvæmt verði fyrir allan almenning að eiga hluti í opnum hlutafélögum. Í þeim tilgangi verði útborgaður arður gerður skattfrjáls hjá slíkum hlutafélögum.

Stofnaður verði verðbréfamarkaður, þar sem almenningi sé gert kleift að taka þátt í atvinnurekstri og ráða meðferð eigin sparifjár.

2. Sem allra mest af framkvæmdum ríkis og sveitarfélaga verði falið einkafyrirtækjum á útboðsgrundvelli.

3. Betra eftirlit sé haft með opinberum fyrirtækjum og sundurliðaðir reikningar þeirra birtir. Stjórnendur þessara fyrirtækja skulu ábyrgir fyrir hagkvæmum rekstri þeirra.

4. Öll fyrirtæki verði skattlögð jafnt, hvort sem þau eru í einkaeign, í samvinnuformi eða í opinberri eigu, svo að réttur samanburður fái á rekstrarhæfni fyrirtækjanna.

5. Erlendu einkafjármagni verði sköpuð starfsskilyrði í landinu, einkum með tilliti til þess, að það er einasta leiðin til að nýttar verði orkulindir landsins í næstu framtíð.

6. Allur stóriðnaður, hvort heldur hann er stofnsettur fyrir erlent eða innlent fjármagn, skal vera í einkarekstursformi, og hafa opnu hlutafélögin þar beinu hlutverki að gegna. Sérstaklega skal bent á, að eðlilegt er að fela reksturinn einstaklingum, enda þótt aðeins sé hægt að afla lítils hluta fjárins með almennu hlutafjárútboði, þar sem stjórnámálmenn hafa ekki rétt til að ráðskast með fjármuni almennings í atginnurekstri.

7. Sett verði hið bráðasta lög, er komi í veg fyrir að einstakir aðilar geti náð einokunaraðstöðu í viðskipta- og atvinnulífi einstakra héraða eða á ákveðnum viðskiptasviðum, þar eð ákveðin samsteypa stefnir nú þegar markvisst að einokunaraðstöðu víða um land til mikils óhagræðis fyrir neytendur.

8. Skattalöggjöf verði þegar endurskoðuð. Ítarleg rannsókn fari fram á því, hvort ekki sé eðlilegt að innheimta eingöngu óbeina skatta, þar sem beinu skattarnir eru nú aðeins lítið bæt ríkisteknanna.

Ef um beina skatta er að ræða skulu þeir greiðast jafnóðum og tekna er aflað. Veltuskattar skulu vera frádráttarhæfir. Jafnframt skal bent á, að óeðlilegt er, að ríkið leggi sífellt auknar kvaðir og útgjöld á sveitarfélögin.

9. Horfið verði frá kaupgreiðslum eftir svokallaðri framfærsluvísitölu, en í þess stað lagt kapp á að safna sem fullkomnum gögnum um þjóðartekjurnar og tryggja að launþegar fái þegar í stað sína réttmætu hlutdeild í framleiðsluaukningu þjóðfélagsins.

10. Seðlabankinn verði gerður sjálfstæður og óháður daglegum viðskiptum. Greitt verði fyrir stofnun einkabanka og viðskiptabönkum í ríkiseign sköpuð aðstaða til heilbrigðrar samkeppni.

Stefna Sjálfstæðisflokksins byggist á frjálsræði þegnanna.

Ef hann einn fær ráðir stefnu þjóðmálanna, mun hann fara þeim þetta frelsi.

Mér kom í hug að þú myndir ef t. v. alh. flokks-  
starfið eitthvát í samb. við  
vanb. landsfund. É sendi  
þér þri þessa skýrslu ef she  
kynni að þú getir e. h. gagn af  
heppi þess. Beata Kveðja. A.P.

RS LA

Stjórnar S.U.S.

5 - Okt. 1957.

Stjórn S.U.S. var kosin á Sambandsþingi  
6. nóvember 1955 og áttu í henni sæti eftirtaldir menn:  
Ásgeir Pétursson, formaður, Friðjón Þórðarson, Búðardal, Gunnar  
G. Schram, Akureyri, Jón Ísberg, Blönduósi, Pétur Sæmundsen,  
Reykjavík, Sverrir Hermannsson, Ísafirði, og Þór Vilhjálmsson,  
Reykjavík. Í varastjórn áttu sæti: Bragi Hannesson, Reykjavík,  
Jón Þorgilsson, Helli á Rangárvöllum, Matthías Johannessen,  
Reykjavík, Matthías Á. Mathiesen, Hafnarfirði, og Sveinn  
Björnsson, Heykollsstöðum, N.-Múl.

Á fyrsta stjórnarfundum skipti stjórnin með sér verkum  
þannig: 1. varaform. Jón Ísberg, 2. varaform. Gunnar G. Schram,  
ritari Pétur Sæmundsen og gjaldkeri Þór Vilhjálmsson.

Starfað var að eftirgreindum málum:

I. Mót.

1. Kynningarmót á Helli á Rangárvöllum 3. des. 1955.  
Ávarp flutti Jón Þorgilsson, form. F.U.S. á Rangárvöllum, en  
ræður Ingólfur Jónsson, ráðherra og Ásgeir Pétursson, form. S.U.S.

2. Vormót á Akranesi 15. apríl 1956. Ræður og ávörp fluttu  
Pétur Ottesen, P. G. Kristjánsson, lögfræðingur, Sverrir Hermann  
son, viðskiptafræðingur og Jón Ben. Ásmundsson, form. Þórs F.U.S.  
á Akranesi.

3. Vormót í Stykkishólmi 28. apríl 1956. Ræður og ávörp  
fluttu Sigurður Ágústsson, alpm., Ásgeir Pétursson, Eyjólfur K.  
Jónsson, lögfræðingur, Árni Helgason, form. F.U.S. í Snæf. og  
Hnappadalssýslu.

4. Vormót á Selfossi 26. maí 1956. Ræður og ávörp fluttu  
Ásgeir Pétursson, form. S.U.S., Ragnhildur Helgadóttir, alþingis-  
maður og dr. Sveinn Þórðarson, skólameistari.

5. Vormót á Sauðárkróki 9. júní 1956. Ræður og ávörp fluttu  
Páll Kolka, héraðslæknir, Valgarð Briem, lögfræðingur og Bragi  
Hannesson, stud.jur.

## S K Ý R S L A

um störf stjórnar S.U.S.

Nóv. 1955 - Okt. 1957.

Fráfarandi stjórn S.U.S. var kosin á Sambandsþingi 6. nóvember 1955 og áttu í henni sæti eftirtaldir menn: Ásgeir Pétursson, formaður, Friðjón Þórðarson, Búðardal, Gunnar G. Schram, Akureyri, Jón Ísberg, Blönduósi, Pétur Sæmundsen, Reykjavík, Sverrir Hermannsson, Ísafirði, og Þór Vilhjálmsson, Reykjavík. Í varastjórn áttu sæti: Bragi Hannesson, Reykjavík, Jón Þorgilsson, Helli á Rangárvöllum, Matthías Johannessen, Reykjavík, Matthías Á. Mathiesen, Hafnarfirði, og Sveinn Björnsson, Heykollstöðum, N.-Múl.

Á fyrsta stjórnarfundum skipti stjórnin með sér verkum þannig: 1. varaform. Jón Ísberg, 2. varaform. Gunnar G. Schram, ritari Pétur Sæmundsen og gjaldkeri Þór Vilhjálmsson.

Starfað var að eftirgreindum málum:

### I. Mót.

1. Kynningarmót á Helli á Rangárvöllum 3. des. 1955. Ávarp flutti Jón Þorgilsson, form. F.U.S. á Rangárvöllum, en ræður Ingólfur Jónsson, ráðherra og Ásgeir Pétursson, form. S.U.S.

2. Vormót á Akranesi 15. apríl 1956. Ræður og ávörp fluttu Pétur Ottesen, P. G. Kristjánsson, lögfræðingur, Sverrir Hermannsson, viðskiptafræðingur og Jón Ben. Ásmundsson, form. Þórs F.U.S. á Akranesi.

3. Vormót í Stykkishólmi 28. apríl 1956. Ræður og ávörp fluttu Sigurður Ágústsson, alþm., Ásgeir Pétursson, Eyjólfur K. Jónsson, lögfræðingur, Árni Helgason, form. F.U.S. í Snæf.- og Hnappadalssýslu.

4. Vormót á Selfossi 26. maí 1956. Ræður og ávörp fluttu Ásgeir Pétursson, form. S.U.S., Ragnhildur Helgadóttir, alþingismaður og dr. Sveinn Þórðarson, skólameistari.

5. Vormót á Sauðárkróki 9. júní 1956. Ræður og ávörp fluttu Páll Kolka, héraðslæknir, Valgarð Briem, lögfræðingur og Bragi Hannesson, stud.jur.

6. Vormót í Njarðvík 9. júní 1956. Ræður og ávörp fluttu Ásgeir Pétursson, form. S.U.S. og Ragnhildur Helgadóttir, alþingismaður.

7. Haustmót í Borgarhæsi í október 1956. Ræður og ávörp fluttu Bjarni Benediktsson, ritstjóri og Ásgeir Pétursson.

8. Vormót á Helli á Rangárvöllum í apríl 1957. Ræður og ávörp fluttu Ingólfur Jónsson, alþm., Magnús Jónsson, alþm. og Ásgeir Pétursson, form. S.U.S.

9. Vormót á Akranesi í júní 1957. Ræður og ávörp fluttu Pétur Ottesen, alþm., Gunnar G. Schram, lögfræðingur og Jón Ben. Ásmundsson, form. Þórs F.U.S. á Akranesi.

Öll þessi mót voru fjölmenn og fóru í alla staði hið bezta fram.

## II. Fulltrúaráðsfundir.

1. Fulltrúaráðsfundur S.U.S. var haldinn í Reykjavík 18. apríl 1956. Formaður flutti skýrslu sambandsstjórnar og Sverrir Hermannsson hafði framsögu um skipulagsmál samtaka ungra Sjálfstæðismanna. Fluttar voru skýrslur frá hinum einstöku sambandsfélögum. Ásgeir Pétursson flutti framsöguræðu um stjórn málin og urðu síðan allmiklar umræður.

Fulltrúaráðsfundurinn samþykkti "Ávarp til íslenzkrar æsku", sem birtist á Sambandssíðunni í Morgunblaðinu daginn eftir.

Fundarstjórar voru þeir Jón Ísberg, Friðjón Þórðarson auk formanns, Ásgeirs Péturssonar, en ritari fundarins var Jón Þorgilsson.

Daginn eftir fundinn hófst Landsfundur Sjálfstæðisflokksins og sátu hann rúmlega 150 ungir Sjálfstæðismenn.

2. Sunnudaginn 12. maí 1957 var haldinn fundur í Valhöll í Reykjavík með fúltrúum ungra Sjálfstæðismanna, er sátu formanna ráðstefnu Sjálfstæðisflokksins, sem háð var um þær mundir. Fundarstjóri var Jón Ísberg, l. varaform. S.U.S., í fjarveru Ásgeirs Péturssonar, sem var erlendis. Gunnar G. Schram skýrði frá störfum sambandsstjórnar, en Sverrir Hermannsson ræddi um þá hugmynd formanns, sem hann hafði borið fram í stjórn S.U.S. að efna til ráðstefnu ungra bænda og annars ungs fólks úr sveitum landsins til að ræða framtíð íslenzks landbúnaðar. Voru menn einróma samþykkir þessari hugmynd og ákveðið að hrinda henni í framkvæmd.

### III. Fjórðungsping.

1. Þing fjórðungssambands ungra Sjálfstæðismanna á Norðurlandi var haldið á Akureyri 13. okt. 1956. Var þingið fjölmennt. Sendi það frá sér stjórn málaályktun, sem birtist á síðu S.U.S. 21. okt. Formaður var endurkjörinn Ragnar Steinbergsson, Akureyri.

2. Fjórðungsping ungra Sjálfstæðismanna á Norðurlandi var haldið á Sauðárkróki 1. júní 1957. Þingið sendi frá sér stjórn málaályktun, sem birtist á Sambandssíðunni í Morgunblaðinu 21. júní. Formaður var kosinn Sigmundur Magnússon, Hjalteyri.

### IV. Félagsstofnanir.

á stofn

Þessum nýju félögum var komið/á kjörtímabilinu:

1. Týr. F.U.S. í Kópavogi var stofnað 4. okt. 1956. Var stofnfundurinn haldinn í Valhöll í Reykjavík. Ásgeir Pétursson, formaður S.U.S. setti fundinn og gerði grein fyrir félagsstarfi ungra Sjálfstæðismanna. Formaður var kosinn Kristinn Wium. Hefur félagið starfað ótullega síðan, en tala félagsmanna er um 70.

2. F.U.S. í Eyjafjarðarsýslu var stofnað 13. okt. 1956. Fór félagsstofnunin fram í sambandi við þing Fjórðungssambands ungra Sjálfstæðismanna á Norðurlandi, sem haldið var um þær mundir. Félagsmenn eru um 80. Formaður var kosinn Sigmundur Magnússon, Hjalteyri.

3. Neisti. F.U.S. í Vestur-Barðastrandasýslu var stofnað 25. ágúst 1957. Var stofnfundurinn haldinn á Patreksfirði og mætti á honum Friðjón Þórðarson, alþm., af hálfu stjórnar S.U.S. Stofnendur félagsins voru 55 að tölu. Formaður var kosinn Jóhannes Árnason, stud.jur.

4. F.U.S. í Norður-Múlasýslu var stofnað 15. sept. 1957. Var stofnfundurinn haldinn á Reyðarfirði. Stofnendur voru 45 og var Guttormur Þórmar í Geitagerði kosinn formaður. Formaður S.U.S. Ásgeir Pétursson setti fundinn.

5. F.U.S. í Suður-Múlasýslu var stofnað samtímis F.U.S. í N.-Múl. eða 15. sept. Stóðu að félagsstofnuninni 65 ungir Sjálfstæðismenn. Formaður var kosinn Arnþór Þórólfsson.

Á stofnfundum félaganna í Múlasýslum mætti Einar Sigurðsson frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Suður-Múlasýslu og lýsti hann yfir ánægju sinni með stofnun félaganna.

## V. Kynningarkvöld.

1. Kynningarkvöld fyrir unga Sjálfstæðismenn utan af landi var haldin í Valhöll í Reykjavík 28. marz 1957. Var hér um nýjung að ræða í starfsemi samtakanna og þótti hún takast vel í alla staði, og er því vafalaust rétt að halda þessari starfsemi áfram í framtíðinni. Samkoman hófst með því, að Ásgeir Pétursson, form. S.U.S. flutti inngangsorð, Kristmann Guðmundsson, rithöfundur flutti erindi um íslenskar bókmenntir og sýnd var kvikmynd af Heklugosinu, og flutti Guðmundur Kjartansson skýringarorð með henni. Að lokum var kaffidrykkja.

2. Þá stóð Stefnir fyrir kynningarkvöldi á ungverskum bókmenntum og tónlist í Sjálfstæðishúsinu 17. nóvember 1956.

## VI. Útgáfumál.

1. Síða S.U.S. kom reglulega út allt kjörtímabilið. Birtust á henni margvíslegar fróðleiksgreinar og fréttir af starfsemi S.U.S. og einstakra sambandsfélaga. Fyrsti ritstjóri síðunnar var Þór Vilhjálmsson og stóð hann að 42 sambandsíðum, næstir voru Guðmundur Benediktsson og Sverrir Hermannsson og stóðu þeir að 20 síðum og loks Þórir Einarsson og stóð hann að 19. Samtals komu því út 81 síða.

2. Stefnir kom út á kjörtímabilinu og ritstýrðu honum þeir Gunnar G. Schram, Matthías Jóhannessen og Þorsteinn Ó. Thorarensen. Samtals komu út 7 hefti.

3. Vorið 1956 komu út 3 bæklingar, sem stjórn S.U.S. stóð að. "Vitið þér enn..." Þeirra eigin orð um Stalín, sem hafði að geyma ummæli íslenskra kommúnista um Jósef Stalín. Tilvitnunum í ritið söfnuðu þeir Bragi Hannesson og Þórir Einarsson.

Þá kom út bæklingurinn "Vinaminni". Voru þar tilfærð helstu svigurmæli krata og framsóknarfólkfanna hvor um annan. Ummælanum þessum söfnuðu ýmsir sambandsstjórnarmenn og menn tilnefndir af stjórn Heimdallar og S.U.S.

Loks kom út handbókin Frelsi og Framfarir - Stefna ungra Sjálfstæðismanna, sem birti ýmsar tillögur fyrri sambandsþinga í þjóðmálunum. Sá þeir Valgarð Briem og form. S.U.S. um efnisval þess rits.

Öllum þessum bæklingum var dreift út um allt land, enda voru þá kosningar á næsta leyti.

4. 1. des. 1956 sendi stjórn S.U.S. frá sér "Ávarp til íslenzkrar æsku", sem birt var á Sambandssíðu. Voru um þessar mundir viðsjárverðir tímar utanlands, sem innan. Rússar voru að berja niður uppreisn Ungverja en kommúnistar nýseztir í tvo ráðherrastóla á Íslandi.

#### VII. Erindrekstur.

Á kjörtímabilinu var enginn fastráðinn starfsmaður. Hins vegar voru erindrekar ráðnir um tíma og tíma. Þannig gengdi Þórir Einarsson erindrekstri fyrir S.U.S. vorið 1956. Gunnar G. Schram var um tíma haustið 1956 og fór þá til Akureyrar. Vorið 1957 voru þeir Birgir Gunnarsson og Bragi Hannesson erindrekar og unnu að endurskoðun trúnaðarmannakerfisins. Ferðaðist Birgir um Barðastrándarsýslu og Húnavatnssýslur, en Bragi um Vestur-Ísafjarðarsýslu. Auk þess ferðaðist Sigurður Helgason, erindreki flökksins um Austurland og sótti heim félög ungra Sjálfstæðismanna þar.

#### VIII. Heimsóknir.

Stjórn S.U.S. beitti sér fyrir því að fá hingað til lands stjórnmalamaninn dr. Lumir Soukup. Hann er landflóttu Tékki, sem mjög hefur látið til sín taka í barattu frjálsra Tékkna gegn kommúnismanum. Hann kom hingað hinn 23. nóv. 1956. Hafði Soukup verið einkaritari Jans Masaryk, utanríkisráðherra tékkneska lýðveldisins. Eftir lát Masaryks flúði dr. Soukup land og settist að í Skotlandi.

Dr. Lumir Soukup hélt fyrirlestur í Sjálfstæðishúsinu fyrir S.U.S. um frelssbaráttu þjóðanna handan járntjalds. Var fundurinn geysifjöldmennur.

Auk þessa fundar hélt dr. Soukup 4 aðra fyrirlestra. Þar á meðal í hátíðasal Háskóla Íslands og fjallaði erindi hans um tékkneskar bókmenntir, og slavnesk málvísindi.

#### IX. Bókagjöf.

Í byrjun árs 1956 færði brezka sendiráðið S.U.S. að gjöf allmargar bækur um þjóðmál og bókmenntir. Hafa þær verið geymdar í Valhöll.



X. Stjórnmalanamskeið.

Stjórnmalanamskeið var haldið á Siglufirði í haust og veitti því forstöðu sr. Jónas Gíslason. Var það fjölsótt og þótti takast mjög vel.

XI. Bændaráðstefna.

Haldin var bændaráðstefna skv. samþykkt fulltrúaráðsfundar S.U.S. og hófst hún í Reykjavík 25. október 1957. Var þar samþykkt ályktun um landbúnaðarmál. Á fundinum voru mættir fulltrúar úr nær öllum sveitakjördæmum landsins. Dagskrá ráðstefnunnar var dreift hér í gær og munu vera til eintök hennar ef þingfulltrúar kjósa að fá þau í hendur.

XII. Stjórnarfundir.

Stjórnarfundir voru haldnir 36 á kjörtímabilinu.

XIII. Sambandsþing.

Undirbúið sambandsþing 1957.

Aukabing  
Sambands ungra Sjálfstæðismanna  
27.-29. september 1968.

Eftirfarandi stjórnmálayfirlýsing var samþykkt:

Árið 1968 er tímamótaár fyrir æskufólk á Íslandi. Á þessu ári hafa komið fram nýjar hreyfingar meðal ungs fólks, sem sýna vaxandi áhuga á stjórnmálum og sterkan vilja til umbóta á öllum sviðum þjóðlífsins.

Við, ungir Sjálfstæðismenn, viljum taka forystu fyrir þessari hreyfingu. Við viljum setja henni markmið til að vinna að og við viljum berjast fyrir framgangi þeirra markmiða. Við skorum á ungt fólk að skipa sér undir okkar merki og vinna með okkur að því að leiða Ísland inn á nýja öld.

Hvert er okkar verkefni ?

Árið 2000 verða Íslendingar 400 þúsund. Á næstu þremur áratugum munu tugþúsundir ungra Íslendinga þurfa menntun, atvinnu og lífshjör, sem sambærileg eru við aðrar þjóðir. Það er verkefni nýrrar kynslóðar Íslendinga að tryggja að svo verði. Það þarf að gera í veröld, sem gerir smáþjóðum stöðugt erfiðara fyrir að halda pólitísku og efnahagslegu sjálfstæði. Það verður meginmarkmið utanríkisstefnu okkar á næstu þremur áratugum, að tryggja þetta sjálfstæði.

Hvernig náum við þessum markmiðum ?

Við, ungir Sjálfstæðismenn, viljum vinna að því, að stórauknu fjármagni verði varið til rannsóknarstarfa á sviði íslenskra atvinnumála í því skyni að nýta allar auðlindir landsins og byggja á þeim nýjar atvinnugreinar, sem geri afkomu þjóðarinnar óháðari sveiflum í frumatvinnuvegunum.

Við viljum beita okkur fyrir kerfisbreytingu í núverandi atvinnuvegum, sem leiði til samruna fyrirtækja í stærri fyrirtækjaheildir, sem búa yfir meira fjármagni og geta fremur hagnýtt nýja tækni en smáfyrirtækin. Við viljum virkja fjármagn fjöldans til þess að koma þessum kerfisbreytingum fram.

Við viljum byggja upp nýja útflutningsiðnað, sem byggist á hæfni íslenskra handa, menntun og þekkingu nýrrar kynslóðar og nýjum mörkuðum.

Við viljum efla íslenskan sjávarútveg og fiskiðnað með því að bæta gæði framleiðsluvöru hans.

Við viljum beina landbúnaðarframleiðslunni að því verkefni að framleiða fyrir Íslendinga eina.

Við viljum byltingu í skólakerfi landsins, sem leiðir til stórfjölgunar þeirra, sem ljúka framhaldsmenntun og gerbreytingu Háskóla Íslands úr embættismannaskóla aldamótanna í menntastofnun, sem fullnægir kröfum næstu áratuga fyrir sérmenntað fólk.

Við viljum vinna að stórfelldum umbótum í félags- og heilbrigðismálum, sem rétti hlut hins minni máttar, bæti aðstöðu hinna sjúku til að ná fullri heilsu og tryggi velferð allra landsmanna.

Við viljum varðveita þjóðlegan menningararf og veita listamönnum nýrrar kynslóðar tækifæri til að tengja þjóðlega menningu nýjum tímum í heimi listanna.

Við viljum, framar öllu, tryggja pólitískt og efnahagslegt sjálfstæði Íslands, með náinni samvinnu við Norðurlöndin, traustu samstarfi við vestrænar þjóðir og hagnýtri stefnu í markaðsmálum.

Við viljum láta rödd Íslands kveða með nýjum tón á vettvangi þjóðanna og hafa forystu um framgang friðar- og mannúðarmála á erlendri grund.

Þetta er okkar markmið. Þetta eru okkar leiðir. Við heitum á íslenskt æskufólk, sem hefur blásið ferskum vindum um íslenskt þjóðlíf á þessu ári, að hefja með okkur það starf að ryðja Íslandi braut inn á 21. öldina.

## Aukaping

### Sambands ungra Sjálfstæðismanna

27.-29. september 1968

#### Fréttatilkynning:

Á aukapingi Sambands ungra Sjálfstæðismanna 27.-29. sept. 1968 voru umræður um stjórnmalaflokkana störf þeirra og starfshætti. Var einkum rætt um Sjálfstæðisflokkinn, skipulag, starfshætti og stefnufrankvæmd. Mikil gagnrýni kom fram á starfsemi stjórnmalaflokkanna í landinu og talið var nauðsynlegt að gera nú þegar á næsta landsfundi Sjálfstæðisflokksins gagngerðar breytingar á starfsháttum flokksins til þess að opna flokkinn, tryggja raunhæfara lýðræði, tryggja að stefnumálum flokksins sé haldið fram, efla tengsl flokksins við forystumenn sína og tengsl flokksins við kjósendur og landsmenn alla og tryggja meiri breytingu og fjölbreytni í þingmannavali flokksins.

Á þinginu var samþykkt eftirfarandi fréttatilkynning:

Alvarlegar blikur eru á lofti í íslenskum stjórnmalum. Stjórnmalaflokkarnir hafa að töluverðu leyti misst tiltrú þjóðarinnar, einkum unga fólksins. Í öllum stjórnmalaflokkum verður vart erfiðleika á að fá nýtt fólk til þátttöku og starfa, og jafnframt þynnast raðir hinna eldri. Djúp gjá er að myndast milli stjórnmalamanna og kjósenda og Alþingi nýtur ekki þeirrar virðingar sem skyldi. Þetta ástand er orðið svo alvarlegt að skjótra úrbóta er þörf.

Í lýðræðisríki getur ekkert komið í stað stjórnmalaflokka og stjórnmalamanna. Ef þessir burðarásar lýðræðisins bresta, er skammt yfir í stjórnleysi eða einræði. Þess vegna er nauðsynlegt að finna leiðir til að bæta stjórnmalaflokka og áhrif þeirra í þjóðlífinu, svo að þeir tengist þjóðinni á nýjan leik.

Jafnframt verða allir góðir menn að taka höndum saman um að hvetja almenning til aukinnar þátttöku í stjórnmalum. Það stoðar lítt að standa fyrir utan og kvarta, heldur eiga menn með þátttöku sinni að leggja sitt af mörkum til endurnýjunar stjórnmalanna. Nauðsynlegt er að taka upp óháða og lífræna kennslu í þjóðfélagsfræðum í skólum landsins.

Virkasta lausnin felst í því að draga úr valdi stjórnmalamannanna og færa það þjóðinni í hendur: Það er hægt að gera með ýmsum hætti: Þingið bendir m.a. á eftirfarandi leiðir til úrbóta:

1. Kjósendur flokkanna ráði beint vali frambjóðenda sinna með því að prófkosningar verði gerðar skyldar innan þeirra.

2. Peningavaldið í landinu verði tekið úr greipum stjórnmalaflokkanna og fært almenningi í landinu, t.d. að ríkisbankar verði að miklu eða öllu leyti gerðir að almenningshlutafélögum eða sjálfseignastofnunum.

3. Óheimilt verði að kjósa Alþingismenn í yfirstjórnir ýmissa menningarstofnana og atvinnufyrirtækja, sem Alþingi kys stjórn í, svo sem útvarpsráð, menntamálaráð, úthlutunarnefnd listamannalauna, síldarútvegsnefnd, stjórn síldarverksmiðja ríkisins, húsnæðismálastjórn, stjórn atvinnu- jöfnunarsjóðs o.s.frv.

#### Um Sjálfstæðisflokkinn:

1. Þingið skorar á allar stofnanir flokksins að setja sér reglur, er tryggi hæfilega endurnýjun í trúnaðarstöðum og framboðum.

2. Stefnumótun Sjálfstæðisflokksins verði unnin upp frá grunni í flokksfélögum, málefnanefndum og öðrum stofnunum, sem gefi hinum almenna flokksmanni tækifæri til að hafa bein áhrif á stefnumótun flokksins.

3. Sjálfstæðisflokkurinn beiti sér í vaxandi mæli fyrir fundum og ráðstefnum um afmarkaða málaflokka til þess að kanna hugi fólks til einstakra mála og til aðstoðar við stefnumótun. Jafnframt verði komið á beinum skoðanaskiptum milli flokksfólks og forystumanna Sjálfstæðisflokksins.

4. Brýn nauðsyn er á því að skipta forystu flokksins þannig að stjórnmalaleg forysta flokksins og flokksmanna sé ekki eingöngu í höndum þingmanna.

Tillaga frá Sambandi ungra Sjálfstæðismanna  
til fulltrúa á 18. landsfundi Sjálfstæðis-  
flokksins 1969.

Miðstjórn verði þannig skipuð: Landsfundur kýs formann  
flokksins og varaformann, sem sjálfkjörnir skulu í mið-  
stjórn. Þá skulu formenn landssamtaka flokksins vera  
sjálfkjörnir. Hins vegar verði sú breyting gerð, að  
kjörnum meðlimum miðstjórnar verði fjölgað úr 7 í 13 og  
skuli þeir þannig kosnir:

- a) Landsfundur kjósi 8 fulltrúa til setu í miðstjórn úr  
hópi annarra en þingmanna flokksins.
- b) Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins kjósi 5 fulltrúa til  
setu í miðstjórn.

Ef formaður skipulagsnefndar eða formaður fjármálaráðs  
eiga ekki sæti í miðstjórn, skal þeim heimilt að sitja á  
miðstjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Geir Hallgr.

Geisfordur Besimhoff

Kalmann Sveinsson

Olafur Björn

Frjögur Magnúsd. Ákureyri

Sverdur Kesamnisson

Eyjalundur Konradsson

Guðmundur Magnússon

Guðm. H. Guðarsson

Ny. 463-537

Geir 14 audur 39

Joh. 6 og eldur 3 1/3

Magnus 4 7 1/2

Porr. 5

Ragnar K. 1

Þrágir I. 1

Þing. Kj. 1

Ragnm. J. 1

46<sup>m</sup>

39

15

53

5



VALHÖLL - SUÐURGÖTU 39  
REYKJAVÍK - ICELAND

# SAMBAND UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

NATIONAL YOUTH ORGANIZATION OF THE INDEPENDENCE PARTY

Reykjavík, 31. maí 1969.

Hr. formaður Sjálfstæðisflokksins

dr. Bjarni Benediktsson


Reykjavík.

Að undanfögnu hefur Samband ungra Sjálfstæðis-  
manna unnið að undirbúningi funda í öllum kjördæmum  
landsins nema Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Fundir  
þessir hafa verið undirbúnir í samvinnu við pingmenn  
flokksins í kjördæmunum svo og forystumenn ungra Sjálf-  
stæðismanna á hverjum stað. Samtals verður hér um að  
ræða 27 fundi.

Hjálagt sendum við yður skrá yfir þessa fundi með  
ósk um að Sjálfstæðisflokkurinn greiði þann kostnað,  
sem fundarhöld þessi hafa í för með sér, þ.m.t. ferða-  
lög fyrir einn fulltrúa SUS á alla fundina.

Virðingafyllst

f.h. stjórnar S.U.S.





VESTURLANDSKJÖRDÆMI.

Akranes: Í félagsheimili templa, föstudaginn 20. júní kl. 20.30.

Borgarnes: Í Hótel Borgarnes, laugardaginn 21. júní kl. 17.00.

Grundarfjörður: Í samkomuhúsinu, sunnudaginn 22. júní kl. 20.30.

Jón Arnason, Friðjón Þórðarson, Ásgeir Pétursson.

VESTFJARÐARKJÖRDÆMI.

Ísafjörður: Fimmtudaginn 5. júní kl. 20.30.

Bolungarvík: Föstudaginn 6. júní kl. 20.30.

Hnífsdal: Laugardaginn 7. júní kl. 15.00.

Flateyri: Sunnudaginn 8. júní kl. 16.00.

Þingeyri: Sunnudaginn 8. júní kl. 20.30

Suðureyri: Mánudaginn 9. júní kl. 20.30.

Bíldudal: Þriðjudaginn 10. júní kl. 20.30.

Patreksfirði: Miðvikudaginn 11. júní kl. 20.30

Króksfjarðarnes: Fimmtudaginn 12. júní kl. 20.30.

Súðavík: Laugardaginn 14. júní kl. 16.00.

Hólmavík - Reykjanes: Nánar auglýst síðar.

Sigurður Bjarnason, Matthías Bjarnason.

NORÐURLANDSKJÖRDÆMI.- VESTRA.

Blönduós: Í félagsheimilinu, föstudaginn 20. júní kl. 20.30.

Sauðárkrókur: Í Sæborg, laugardaginn 21. júní kl. 15.00.

Siglufjörður: Að Hótel Höfn, sunnudaginn 22. júní kl. 20.30.

Gunnar Gíslason, Pálmi Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

NORÐURLANDSKJÖRDÆMI - EYSTRÁ.

Húsavík: Í Veitingahúsinu Hlöðufelli,  
sunnudaginn 8. júní kl. 20.30.

Akureyri: Í Sjálfstæðishúsinu, mánudaginn  
9. júní kl. 20.30.

Ólafsfjörður: Í Tjarnarborg, þriðjudaginn  
10. júní kl. 20.30.

Jónas Rafnar, Magnús Jónsson, Bjartmar Guðmundsson.

AUSTURLANDSKJÖRDÆMI.

Seyðisfjörður: Í Félagsheimilinu Herðubreið,  
laugardaginn 14. júní kl. 16.00.

Höfn: Að Hótel Höfn, sunnudaginn 15. júní  
kl. 20.30

Jónas Pétursson, Sverrir Hermannsson.

SUÐURLANDSKJÖRDÆMI.

Vík: Í Leikskálum, föstudaginn 20. júní  
kl. 21.00

Selfoss: Að Austurvegi 1, laugard. 21. júní kl. 16.00.

Hella: Í Hellubíó, sunnudaginn 22. júní  
kl. 21.00

Vestmannaeyjar: Nánar auglýst síðar.

Ingólfur Jónsson, Steinþór Gestsson, Guðlaugur Gíslason.